

# Fundur Undirbúningsstjórnar um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

10. fundur haldinn í Skjólbrekku, miðvikudaginn 11. maí kl. 13.

Mætt voru:

- Árni Pétur Hilmarsson
- Alma Dröfn Benediktsdóttir
- Arnór Benónýsson
- Helgi Héðinsson, formaður
- Jóna Björg Hlökkversdóttir
- Sigurður Guðni Böðvarsson
- Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri
- Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri
- Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur sameinaðs sveitarfélags
- Róbert Ragnarsson frá KPMG tengdist rafrænt á fundinn og ritaði fundargerð

## Dagskrá

### 1. Staða á verkefnum í starfshópi um stjórnarsýslu og fjármál

Dagbjört fór yfir stöðu á vinnu starfshóps um stjórnarsýslu og fjármál. Markmiðið er að leggja fram verkefnalista og gögn fyrir nýja sveitarstjórn í júní.

Áhersluverkefni síðasta mánaðar hafa verið:

- Samþykkt um kaup og kjör kjörinna fulltrúa
  - Er tilbúin í drögum eftir fyrirmynd frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Stofnun og sameining bókhalds
  - Er langt komin og verður tilbúið þegar ný sveitarstjórn tekur við.
  - Reikningar verða stofnaðir í Sparisjóði Suður- Þingeyinga
- Stofnun og sameining launakerfa
  - Er langt komið
- Sameining málaskrár
  - Verkefnið er unnið í góðu samstarfi milli starfsmanna á báðum skrifstofum
- Forgangsraða hvaða reglur, stefnur og gjaldskrár ný sveitarstjórn þarf að taka afstöðu til á fyrstu mánuðum í starfi
  - Verður lagt fyrir sveitarstjórn til umfjöllunar

Jöfnunarsjóður hefur kallað eftir ársreikningum sveitarfélaganna fyrir árið 2021, ásamt upplýsingum um hvernig staðið verður að verkefnum við þróun á stjórnarsýslu og þjónustu í sameinuðu sveitarfélagi, og tillögu að uppgreiðslu lána. Áætlað er að Ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs heimsæki nýsameinuð sveitarfélög í kringum næstu mánaðarmót.

### 2. Afhending verkefnisins til nýrrar sveitarstjórnar

Róbert kynnti tillögu KPMG að *Verkefnalista fyrir nýja sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags* Ákveðið að undirbúningsstjórn haldi lokafund í fyrstu viku júní þar sem verkefnalistinn, ásamt

yfirliti yfir stöðu verkefna verði afgreiddur til nýrrar sveitarstjórnar og farið yfir lærdóm verkefnisins.

### **3. Menntasókn í norðri**

Alma sagði frá fyrsta fundi stýrihópsins þar sem verkefnið fékk góða kynningu um umræðu. Ljóst er að innleiðing verkefnisins mun taka tíma, en mikilvægt er að að varða leiðina vel og hefja fyrstu aðgerðir næsta skólaár í góðu samstarfi við skólasamfélagið.

### **4. Næsti fundur**

Næsti fundur nefndarinnar verður lokafundur undirbúningsstjórnar þar sem tekið verði saman yfirlit yfir verkefnin og stöðu þeirra, sem verði afhent nýrri sveitarstjórn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.